

## **Fundargerð.**

### ***Stjórnarfundur nr. 82.***

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn í Stekkjarvík mánudaginn 27. mars kl 15:30. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson og Jón Sigurðsson en Eiríkur L. Hauksson áheyrnarfulltrúi boðaði forföll. Einnig sátu fundin Margeir Friðriksson, Fannar Viggósson og Gunnar Svavarsson frá Eflu.

#### **Dagskrá**

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Fjármál
3. Gjaldskrá
4. Staða og horfur í rekstri
5. Grænt bókhald
6. Deiliskipulag svæðisins
7. Framkvæmdir
8. Önnur mál.

#### **1. Fundargerð síðasta fundar.**

Fundargerð frá stjórnarfundar frá 20. september 2016, nr. 81 lögð fram og formlega samþykkt.

#### **2. Fjármál**

Margeir lagði fram yfirlit um rekstur Norðurá bs. á árinu 2016 og grófa rekstraráætlun fyrir árið 2017 út frá þeim forsendum sem fyrir liggja.

Ákveðið að skoða möguleikann á að halda aðalfund 4. maí ef endanleg útgáfa ársreiknings 2016 gæti þá verið tilbúinn.

#### **3. Gjaldskrá**

Rætt um hvernig eigi að taka á ólöglegum og óæskilegum hlutum sem eru að berast til urðunnar eins og t.d. dekk og járn. Einnig rætt um urðun sláturúrgangs og kostnað við hann. Fannari og Gunnari falið að útfæra skiptingu rekstrarkostnaðar á þá þrjá megin urðunarflokkana sem eru í skýrslum, útfrá þeim forsendum sem fyrir liggja um vélatíma og annan kostnað. Einnig að koma með tillögu um hvernig best sé að taka á komu ólöglega efnisflokka með gjaldskrárbreytingum.

#### **4. Staða og horfur í rekstri.**

Fannar lagði fram skýrsluna „Rekstur, staða og horfur í Stekkjarvík 2016“. Skýrslan er bæði með tölulegum upplýsingum um breytingar í magni milli ára frá Sveitarfélögum og milli efnisflokka ásamt því að vera skreytt myndum úr daglegu lífi á staðnum. Megin niðurstaðan er að á árinu 2016 voru urðuð 20.241.126 tonn sem er 10,8%

aukning frá árinu 2015. Með skýrslunni fylgir listi með tillögur um endurbætur og ný verkefni fyrir árið 2017.

## 5. Grænt bókhald árið 2016

Lögð fram skýrslan „ Grænt bókhald 2016“. Skýrslan er unnin af Ágústi Þór Bragasyni, Magnúsi B. Jónssyni og Fannari Viggóssyni. Skýrslan er unnin samkvæmt lögum og reglum þar um. Stjórn staðfesti skýrsluna með undirritun og verður henni nú skilað til Umhverfisstofnunnar eins og lög gera ráð fyrir.

## 6. Deiliskipulag

Fyrir liggur í lögbundnu ferli hjá Blöndósbæ tillaga að smávægilegri deiliskipulagsbreytingu á svæðinu. Breytingin er tilkominn vegna stækkunar á jarðvegsmön og tilfærslu á sorpfang girðingu henni tengdri. Tillagan hefur verið kynnt landeigendum og gera þeir ekki athugasemdir við breytinguna. Málið er í hefðbundnu deiliskipulagsferli. Stjórn samþykkti fyrir sitt leyti umrædda breytingu á deiliskipulagi svæðisins.

## 7. Framkvæmdir

Gunnar lagði fram samantekið efni um gas- og sigvatnsmál á urðunarsvæðinu. Jafnframt telur hann að ekki sé framkvæmanlegt að safna gasi úr sláturhólfshlutanum að svo komnu máli. Samþykkt að byrja að ná tókum á söfnun á gasi úr öðrum hluta hólfins áður en prófað verður að safna úr sláturhólfinu.

Ákveðið að bíða með gerð nýrra siturbeða þar til fyrir liggur hvort það borgi sig að eima sigvatnið frá í frárennslinu með orku frá gassöfnuninni.

Gunnari falið að gera endanlega tillögu að staðsetningu borholanna og kostnaðaráætlun og að í framhaldinu verði gasmagnið mælt og þegar niðurstöður úr því liggja fyrir verður ákveðið með hverskonar nýtingu því verði eytt.

Farið yfir stöðu á brunnnum, aðgengi að þeim og tilgang. Gunnari falið að skoða málið áfram og koma með tillögu um hvernig ganga eigi frá brunni nr. 1 þannig að hann haldi og söfnunarkerfið virki.

## 8. Önnur mál

Enginn.

Fundi slitið kl. 18:00

---

Magnús B. Jónsson

---

Einar E Einarsson

---

Jón Sigurðsson